

Ár 2008, þriðjudaginn 7. október, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Suðurlandi

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana.

Kjararáði barst bréf frá félags- og tryggingamálaráðuneytinu dagsett 27. ágúst 2008, þar sem óskað var eftir að kjararáð tæki laun framkvæmdastjóra Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Suðurlandi, til endurskoðunar. Starfssvæði svæðisskrifstofanna og umfang þjónustunnar væri eðli málsins samkvæmt mismunandi frá einu svæði til annars. Framkvæmdastjórinn hefði áður gegnt embætti framkvæmdastjóra málefna fatlaðra á Vestfjörðum. Umfang þessara tveggja svæðisskrifstofa væri mismikið, en á fylgiskjali sæist mismunandi fjárhagslegt umfang og starfsmannafjöldi á þessum tveimur svæðum. Ráðuneytið óskaði eftir því að kjarabreytingin væri afturvirk og tæki gildi 1. júlí 2007 þegar framkvæmdastjórinn tók við embættinu. Í fylgiskjali kom fram að framlag á fjárlögum 2008 væri um það bil helmingi meira til skrifstofunnar á Suðurlandi en á Vestfjörðum og stöðugildi um það bil 75% fleiri hjá Svæðisskrifstofu Suðurlands. Á Vestfjörðum væru starfstöðvar tíu en á Suðurlandi þrettán, þar af væru þrjú sveitasambýli sem skrifstofan hefði eftirlit með.

II.

Kjararáð gaf framkvæmdastjóranum og fjármálaráðuneyti kost á að koma á framfæri sjónarmiðum vegna málsins, með bréfum dagsettum 17. september 2008. Svar fjármálaráðuneytisins barst með bréfi dagsettu 24. september 2008. Framkvæmdastjórinn svaraði með ódagsettu bréfi sem barst kjararáði 30. september 2008. Í bréfinu sagði að umfang á Suðurlandi væri mun meira en á Vestfjörðum þó svo vegalengdir þar og fjarlægð milli starfstöðva kallaði á mikla fjarveru frá heimili og mikla vinnu utan hefðbundins vinnutíma. Starfssvæði skrifstofunnar á Suðurlandi væri í verkefnum mjög umfangsmikið, veruleg fjölgun væri á notendum samhliða fjölgun íbúa. Sérstaða svæðisins fælist einnig í mikilli vinnu við þjónustu við sveitaheimili sem tekið hefðu að sér þjónustu við fatlaða samkvæmt samningi við ráðuneytið. Bréfinu fylgdi afrit af bréfi framkvæmdastjórans til félags- og tryggingamálaráðuneytisins frá janúar 2008 þar sem óskað var eftir endurskoðun á launakjörum með tilliti til aukins umfangs. Notendum hefði fjölgað um tæp 50% milli árana 2004 og 2007. Mikil vinna og ábyrgð fælist í að fylgja eftir þjónustusamningum við sveitaheimili og eftirliti með þeim. Þá sinnti svæðisskrifstofan fræðslu til starfsmanna Sólheima og úttekum á ýmsum þáttum þjónustunnar þar. Kjararáð hefði haustið 2006 tekið ákvörðun um að hækka laun framkvæmdastjóra á Suðurlandi um þrjár einingar umfram aðra framkvæmdastjóra á landsbyggðinni.

III.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við

ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Í 10. gr. laga um kjararáð segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafi verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum eða á störfum þeim sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð tók ákvörðun um laun framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa málefna fatlaðra hinn 30. nóvember 2006. Með þeirri ákvörðun hækkuðu laun allra framkvæmdastjóranna. Það er mat kjararáðs að rétt sé að taka meira tillit til rekstrarumfangs svæðisskrifstofunnar á Suðurlandi en þá var gert.

Kjararáð hefur með hliðsjón af framansögðu ákveðið að laun og önnur starfskjör framkvæmdastjórans skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

IV.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. október 2008 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, Suðurlandi vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokk 130, nú 577.461 króna. Að auki skal greiða honum 12 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 6.171 króna. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

Guðrún Zoëga

Jónas Þór Guðmundsson

Rannveig Sigurðardóttir